

Nr. 22-013 S 009 Ísey EA 40***Skipverji fellur milli skips og bryggju***

Skipaskr.nr. 1458
IMO 8962242
Útgerð: Hrísey Seafood ehf.
Smíðaður: Seyðisfirði, 1976, stál.
Stærð: 159,87 BT.
Mesta lengd: 26,92 m Skráð lengd: 24,96 m
Breidd: 5,9 m Dýpt: 5,3 m
Vél: Caterpillar, 249,0 kW, 1975.
Fjöldi skipverja: 6

**Gögn:**

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. mars 2021 var Ísey EA 40 að landa í Grindavíkurhöfn. Skipverjar voru að handlanga rennu úr áli í land. Skipverji sem stóð upp á bryggju steig með öðrum fæti í bátinn í þeim tilgangi að koma rennunni upp á bryggju og stóð klovvega við verkið. Hann rann til og féll milli skips og bryggju. Veður og sjólag í höfninni var gott, hásjávað og engin alda.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipverjinn var skamma stund í sjónum.
- Skipverjinn lenti milli fríholta (dekkja) sem héngu utan á bryggjunni.
- Skipverji sem var um borð í bátnum kom reipi með krók að hinum slasaða, náði að teygja sig í skipverjann og draga hann upp á bryggju.
- Ekki var farið með skipverjann beint til læknis heldur keyrt til Reykjavíkur.

Nefndarálit:

Atvikið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar.

Sérstök ábending:

Eftir óhöpp sem þessi ætti skilyrðislaust að koma mönnum undir læknishendur sem fyrst.